

## Ályktun um áframhaldandi þátttöku í erlendu samstarfi

4. þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 samþykkir að KÍ sé áfram virkur þátttakandi í erlendu samstarfi. Markmiðið með þátttökunni er að fylgjast með því helsta sem er að gerast í skóla- og menntamálum og málefnum kennara og skólastjórnenda annars staðar í heiminum og til að miðla til annarra því sem markvert er á Íslandi. Mikilvægt er að tengja erlent samstarf við skólamála- og kjaravettvang eftir efni og áherslum hverju sinni. Þeir sem taka þátt í erlendu samstarfi miðli því áfram til stjórnar, skólamálaráðs og kjararáðs KÍ, aðildarfélaganna, heimasíðu og í Skólavörðuna eftir því sem við á.

### Greinargerð um þátttöku KÍ í erlendu samstarfi

- a) KÍ á aðild að samtökum kennara og skólastjórnenda á Norðurlöndum, Nordiske Lærerorganisationers Samråd (NLS).
  - Í stjórn samtakanna situr einn fulltrúi KÍ frá leikskólastigi, einn frá grunnskólastigi og einn frá framhaldsskólastigi, einn þessara fulltrúa er formaður KÍ. NLS eru samtök kennara og skólastjóra á öllum skólastigum og hafa um 600.000 félagsmenn.
  - Hvert skólastig (leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli) á aðild að deildum NLS sem eru umræðuvettvangur eftir skólastigum. Hvert skólastig ræður fjölda þátttakenda á þessum vettvangi. Mikilvægt er að tengja starfið bæði við kjaramála- og skólamálavettvang félaganna og tilnefna fulltrúa samkvæmt því.
  - Skólastjórafélag Íslands tekur þátt í samstarfi innan NLS með þátttöku í LEDARFORUM sem NLS gengst fyrir einu sinni ár ári (júní) og einnig hafa fulltrúar félagsins sótt undirbúningsfundi í febrúar.
- b) KÍ er aðili að alþjóðasamtökum kennara, Education International (EI) og að Evrópudeild samtakanna (EIE) og á rétt á að senda fulltrúa á heimsþing og Evrópuþing samtakanna auk þess að taka þátt í ráðstefnum og málþingum einkum á sviði skóla- og menntamála.
- c) KÍ er aðili að Evrópusamtökum kennarafélaga (ETUCE) sem starfa náið með EI og á KÍ fastan fulltrúa á samráðsvettvangi þessara samtaka, Pan European Structure. KÍ tekur þátt í starfi samtakanna og hefur aukið þátttöku sína í samráði um einstök málefni meðal annars með því að taka þátt í könnunum og úttektum og leggja til umsagnir í fjölþjóðlegt samráð um skólastarf og menntamál.
- d) Félag tónlistarskólakennara tekur þátt í norrænu samstarfi á vettvangi Nordisk Union for Musikutbildare, NUMU. Íslandsdeild NUMU mynda, ásamt FT, Samtök tónlistarskólastjóra, STS, og Tónmenntakennarafélag Íslands, TKÍ. Félag tónlistarskólakennara er einnig þátttakandi í Evrópusamstarfi á vettvangi European Music School Union, EMU. Innan EMU er einnig starfandi svæðisdeild Norðurlandanna Nordisk Musikk og Kulturskole Union, NMKU.

Litið er svo á að fulltrúar FT og SÍ séu jafnframt fulltrúar KÍ í því erlenda samstarfi sem félögin taka þátt í.